



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á hátíðarsamkomu  
á Kjarvalsstöðum  
í tilefni af opinberri heimsókn forsetahjóna  
til Reykjavíkurborgar**

**23. nóvember 2023**

Borgarstjóri og aðrir fulltrúar borgarstjórnar,  
ágætu borgarbúar og aðrir gestir.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég kærlega þá gestrisni og góðvild sem við höfum notið í heimsókn okkar til höfuðborgar Íslands í dag. Við höfum farið víða, hitt fjölda fólks að máli og fræðst um framtíð Reykjavíkur.

Vissulega var ekki langt að fara og traustir þræðir liggja milli borgarinnar og embættis forseta Íslands. Fyrst var skrifstofa forsetans í Alþingishúsinu og síðar í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Í rúman aldarfjórðung hefur hún svo verið við Hljómskálagarðinn og sér þaðan vel yfir Tjörnina að Ráðhúsi Reykjavíkur. Að auki er gestabústaður forseta við Laufásveg, rausnarleg gjöf hjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, Silla í Silla og Valda.

Hjónin sáu víst fyrir sér að húsið mætti nýtast forsetanum þegar hann vildi frekar gista í Reykjavík en suður á Álftanesi. Snemma í síðari heimsstyrjöld, þegar hillti undir stofnun lýðveldis, var einmitt fundið að þeim áformum að forseti skyldi búa þar þegar þar að kæmi. Meðal annars var bent á að Bessastaðir væru fjarri Reykjavík og höfninni, tengdust kúgunarsögu hins danska valds og sæmdu ekki þjóðhöfðingja. Betra væri að horfa til annarra kosta, stórhýsis Thors Jensens við Fríkirkjuveg, Laugarnesspítalans eða Ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu og jafnvel Viðeyjar.

Hér sést hversu annt fólki var um orðstír Reykjavíkur sem höfuðborgar lýðveldisins og það sést líka í stjórnarskránni frá 1944. Þar var og er ákvæði um búsetu forseta á þann veg að hann skuli hafa aðsetur sitt „í Reykjavík eða nágrenni“.

Ég hygg að flestum landsmönnum þyki að vel hafi tekist til um staðarvalið og nú eru allar vegalengdir styttri. Bessastaðir liggja innan marka höfuðborgarsvæðisins og þegar horft er þaðan norður og austur blasir borgin okkar við, glæsileg í morgunroðanum þegar sólin skriður yfir Vífilsfell og Bláfjöll, og sömuleiðis falleg að kvöldi þegar ljósin í bænum lýsa hana upp, knúin grænni orku.

Horfi maður hins vegar í suður og vestur ber Gálgahraun fyrst fyrir augu, hraun sem rann frá Búrfelli rétt ofan Hafnarfjarðar og Garðabæjar fyrir um 8.000 árum. Lengra frá sést hinn tignarlegi Keilir og enn fjær grillir í tind Þorbjarnar, ofan Grindavíkur.

Já, náttúran er ætíð nærri, fögur og hlý þegar svo ber undir, en svo erum við heldur betur minnt á ægimátt hennar öðrum stundum. Gálgahraun má teljast kornungt í jarðfræðilegum skilningi og enn nýrra er Leitahraun sem rann alla leið niður Elliðaárdal, um 5.000 ára gamalt. Við megum búast við því að næstu ár og áratugi geti jörð skolfið og rofnað á Reykjanesskaga og jafnvel hér nærri höfuðborgarsvæðinu. Blessunarlega byggjum við hús þannig að þau eiga að standast skjálfta og svo þurfum við áfram að huga að öðrum forvörnum eftir bestu getu.

Og við þurfum að sýna samkennd. Nú höfum við auðvitað hugann við þær hamfarir sem dundu yfir Grindvíkinga fyrr í þessum mánuði. Íbúar þurftu að yfirgefa heimili sín og vinnustaði og margir þeirra hafa fundið húsaskjól hér í borg. Þá hefur aðstöðu og skjóli verið komið upp í Tollhúsinu og bæjarstjórn Grindavíkur hefur aðsetur í Ráðhúsinu. Ég þakka borgarbúum og borgarstjórn fyrir samhug sýndan í verki.

Ágætu áheyrendur: Við Eliza fórum víða um borgina í dag, fundum framfarahug og nutum þess að kynnast fólki sem vill búa í fallegrri borg. Já, við getum svo sannarlega leyft okkur að horfa björtum augum fram á veg. Að sjálfsögu verður ætíð deilt um áform og framkvæmdir eins og vera ber í öflugu lýðræðissamfélagi. Mest er einmitt um vert að íbúarnir sjálfir finni að þeir geta haft áhrif á umhverfi sitt og lífshætti.

Hvernig borg vill fólk búa í? Og hvernig borg hefur fólk búið í? Það segir sína sögu að þær gamalgrónu byggingar sem tengjast forsetaembættinu í Reykjavík eru allar innan Hringbrautar, götu sem mynda átti sveig utan um byggðina. Lifandi borg breytist og þróast. Í grófustu dráttum hefur Reykjavík breyst úr fátæku fiskiþorpi í fjölbreytta heimsborg. Á þeirri vegferð eru ýmsar

vörður, til dæmis horfinn búskapur og braggar eins og sagnfræðingurinn Eggert Þór Bernharðsson lýsti svo vel í bókum sínum um sveitina í sálinni og líf undir bárujárnsboga. Reykjavík varð að stórveldi og „forsendu nútímasamfélags á Íslandi“ eins og hann komst að orði.

Já, nú eru Íslendingar þéttbýlisþjóð. Tæpur þriðjungur landsmanna býr í Reykjavík, nær tveir þriðju á höfuðborgarsvæðinu og enn fleiri ef ytri mörk þess eru miðuð við sveitarfélög í nágrenninu. Fyrir um hundrað árum voru aðeins um 15% íbúa Reykjavíkur fæddir þar, aðrir til sveita eða í þorpum og kaupstöðum á landsbyggðinni. Nú er öldin önnur, allt önnur. Borgarbörn koma í heiminn og það er frábært; þetta heiti má alls ekki vera lastmæli. Þar að auki er nær fjórðungur borgarbúa af erlendum uppruna og borgarmenningin með allt öðrum brag en áður.

Öll þessi þróun var ekki þrautalaus og við þurfum að sjálfsögðu að láta þá falla vel saman, ferska strauma samtímans og góð gildi hins liðna. Þannig mun borgin okkar áfram blómstra og dafna og landið allt.

Að lokum ítreka ég þakkir okkar hjóna til Reykjavíkurborgar og borgarstjórnar fyrir frábær kynni og góðan viðurgering í dag. Mikið var gaman að njóta listhæfileika leikskólubarnanna hér áðan og annarrar skemmtunar á þessum fallega stað, Kjarvalsstöðum. Og mikið var gaman að kynna sér lífið og fjörið í borginni, framþróun hennar og nýja samfélagsgerð. Reykjavík er okkar!